

Nd.

827. Breytingartillögur

[306. mál]

við frv. til laga um eignarnám hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtisdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

Frá Einari Ágústssyni og Albert Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðsins „eignarnámi“ í 1. mgr. komi: leigunámi til 15 ára.
 - b. 2. mgr. hljóði svo:
Sjálfrennsli vatns úr Deildartunguhver ásamt landspildu úr landi Deildartungu, þinglesinni eign Sigurbjargar Björnsdóttur (Deildartunguhver).
 - c. Í stað orðsins „eignarnámi“ í 3. mgr. komi: leigunámi.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðsins „eignarnámsins“ í 1. mgr. komi: leigunámsins.
 - b. Í stað orðanna „eignarnumda“, „eignarnemi“, „eignarnámsþola“ í 2. mgr. komi: leigunumda, leigunemi, leigunámsþola.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við fyrirsögn. Í stað orðsins „eignarnámi“ komi: leigunámi.